


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Steinsteypuvirki húsasmiða SVH 1024 Kennsluáætlun Vorönn 2011		

Kennari	Guðmundur Óskar Guðmundsson	Sk.st.	GOS
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:


Í áfanganum er fjallað um framkvæmdir við undirstöður og burðarvirki steinsteypra bygginga og mannvirkja. Byrjað er á að gera grein fyrir afsetningu húsa og mælingum á byggingastað, því næst er fjallað um mótasmíði einstakra byggingarhluta, einangrun botnplötu, niðurlögn steinsteypu, gerð og smíði verkpalla eftir því sem bygging rís. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og löggð er áhersla á samhengi námsþátta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi fengið nokkra innsýn í smíði steypumóta og verkpalla í vinnustaðanámi áður en þeir fara í áfangann. Áfanginn er ætlaður húsasmiðum og fer kennslan þannig fram að tvinnuð er saman bóklegum og verklegum þáttum námsins með fyrirlestrum og verkefnavinnu.

Markmið:

Nemandi

- þekki grunnatriði lengdar- og hæðarmælinga á byggingastað
- kunni skil á algengustu mæliaðferðum og mælitækjum
- geti staðsett byggingarlínur á hornaslám og mælt lengdir
- geti afsett hæðir á byggingarstað út frá fastpunkti
- kunni að finna réttan halla á lögnum eða plani
- kunni skil á einangrun botnplötu og sókkulveggja
- hafi innsýn í þjöppun fyllingarefna og einangrun veggja og plötu
- kunni skil á smíði og niðurrifi steypumóta fyrir byggingar og mannvirki
- þekki muninn á hefðbundnum steypumótum og flekamótum
- þekki smíði hefðbundinna steypumóta fyrir einstaka byggingarhluta
- kunni að koma fyrir gluggum, hurðum og öðrum íhlutum í steypumót
- viti deili á smíði steypumóta vegna meiriháttar steypuviðgerða
- viti hvernig á að rífa og ganga frá hefðbundnum mótum og flekamótum
- þekki öryggisráðstafanir við smíði og niðurrif steypumóta
- þekki framleiðslu og niðurlögn steinsteypu
- geti leiðbeint kranastjóra við flutning á efni og tækjum
- kunni að undirbúa steypumót fyrir niðurlögn steinsteypu
- viti deili á samsetningu og hörðunarferli steinsteypu
- kunni skil á aðhlyningu og eftirmeðhöndlun steinsteypu
- þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við niðurlögn steinsteypu

Námsgögn:	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Mótavinna og uppsláttur (2005 IÐNÚ, Menntafélag byggingariðnaðarins).
Ljósrit	Öryggisatriði fyrir kranastjórnun. Álagsmerkingar á tré- og stálstoðum.
Verklegar æfingar	Steypuvirki með breytilegum tengjum unnið í Skála E04.
Annað (t.d. ítarefni)	Heimsóknir á vinnustaði, verslanir og víðar eftir aðstæðum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Steinsteypuvirki húsmiða SVH 1024 Kennsluáætlun Vorönn 2011		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni: Kennslubókin Mótavinna og mótauppsláttur
2-4	Kafli 1 Steypumót
4-6	-- -- 2 Mót fyrir hurðir og glugga
6-9	-- -- 3 Veggjamót
9 – 11	-- -- 4 Súlumót
11 – 13	Kafli 5 Loftamót
13 - 14	Bitamót
14 -15	Stigamót . Bók skilað í mat I 5. apríl
15-16	Stigamót
16	Páskafri
17	Bókin yfirfarin og metin. Skilað 27. apríl. Uppgjör á önn

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokannarpróf	50%
Skyndipróf	Tvö skyndipróf (2 x 10 %)	20%
Frammistaða á önn	Verkefni í kennslubók metin (bók yfirfarin tvisvar á önn)	30%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils